

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## SORPA Álfnesi Reykjavík



Dags eftirlits	29.10.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfnesi	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Álfnes	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Torfi Jóhannsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Gyða Sigríður Björnsdóttir	Staðsetning	366624,722 412355,277

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi og varðar móttöku á úrgangi úr sandskiljum. Ein ábending er lögð fram er varðar sein viðbrögð rekstraraðila við kvörtunum og ábendingum frá íbúum í nágrenni við urðunarstað vegna óvenju slæmrar lyktarmengunar á haustmánuðum.

### UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið seinna eftirlit á urðunarstað Sorpu í Álfnesi í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfi rekstraraðila er fjölþætt, sinna þeir móttöku og meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. urðun og rekstri hreinsistöðvar fyrir hauggas. Sjá nánari skilgreiningu á umfangi starfseminnar í starfsleyfi.

Urðunarheimild í starfsleyfi rann út í lok ársins 2023. Rekstraraðili starfar eftir bráðabirgðaheimild frá Umhverfisstofnun sem gefin var út þann 21. desember sl. fyrir urðunarhluta starfseminnar. Undanþágan gildir þar til starfsleyfinu hefur verið breytt en þó eigi lengur en til 21.12.2024.

Dagskrá eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Staða urðunar m.t.t. starfsleyfis
- Mengaður jarðvegur
- Staða tilraunaverkefnis
- Önnur atriði
- Skoðunarferð

Rekstraraðili hefur sótt um breytingu á starfsleyfi urðunarstaðarins. Rætt var um breytinguna í eftirliti og kom m.a. fram hjá rekstraraðila gild sjónarmið að út frá þeim breytingum sem hann óskar eftir í starfsleyfi að æskilegt sé að til staðar sé nægjanleg heimild upp á ráðstöfun úrgangs ef forsendubrestur verður á þeirri ráðstöfun úrgangs sem fram fer núna á úrgangssstraumum frá höfuðborgarsvæðinu eða ef upp koma breyttar forsendur á öðrum innviðum til förgunar úrgangs.

Sorpa hefur unnið markvisst að samdrætti í urðun og hefur m.a. hætt urðun á böggudum, blönduðum úrgangi og er allur brennanlegur úrgangur fluttur út til brennslu. Lífrænn heimilisúrgangur fer í GAJA og engin móttaka fer fram lengur í Sorpu til urðunar á öðrum lífúrgangi líkt og sláturúrgangi, dýrahæjum eða dælanlegum úrgangi.

Rekstraraðili greindi frá ýmsum verkefnum sem eru í mótun, m.a. hreinsun á menguðum jarðvegi, þ.e. eins konar millilager. Eftirlitsaðili bendir á að ef rekstraraðili hyggst fara út í frekari breytingar á starfsemi sinni, t.d. breytta meðhöndlun úrgangs umfram þær breytingar sem nú þegar hefur verið óskað eftir, ber að kanna hvort slík breyting þarfnist breytinga í starfsleyfi. Allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfsemi sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið ber að tilkynna í þjónustugátt Umhverfisstofnunar, og því næst er metið hvort sé þörf á að breyta eða endurskoða starfsleyfið.

Í eftirliti ársins 2023 kom fram frávik vegna móttöku og urðunar á úrgangi úr olíuskiljum sem flokkast sem spilliefni, sbr. k. 13 05 í l. viðauka í rgl. nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs. Er það eina frávik sem er útistandandi eftir það eftirlit, hefur ekki verið hægt að loka því frávikum fyrr en að frekari upplýsingum veittum þar sem stofnuninni hafði borist ábending um að urðun á slíkum úrgangi færi fram í Álfnesi. Samkvæmt upplýsingum í úbótaáætlun sem barst stofnuninni frá rekstraraðila þann 27. september sl. kom fram að að allur úrgangur frá olíuskiljum skilist til viðeigandi móttökuaðla og sé ekki urðaður í Álfnesi. Aftur á móti kom þar fram að innihald úr sandföngum sem jafnan er afsett á undan olíuskiljum, fari inn á urðunarstað. Skv. rgl. nr. 1040/2016 er urðunarstaðnum eingöngu heimilt að taka við úrgangi úr sandfangi sem tilheyrir skólphreinsistöðvum,

sem þá er ekki er tilgreind með öðrum hætti. Að öðru leyti flokkast sandföng sem spilliefni.

Í fyrra eftirliti ársins 2024 komu fram fjögur frávik sem rekstraraðili hefur brugðist við í úrbótaáætlun. Vörðuðu frávikin urðun umfram heimildir árin 2022 og 2023. Tvö frávik komu fram vegna styrks á ammóníum yfir viðmiðunarmörkum árið 2022 og 2020. Viðbrögð til úrbóta við þessum frávikum var að bæta við mælingu árið 2023, niðurstöður úr þeirri mælingu sýna að styrkur ammóníum sé þá undir viðmiðunarmörkum, má einnig benda á að umfang urðunar sé hlutfallslega minna en árin áður þar sem mælingar eru bornar saman við. Áhættumat sem hefur verið unnið fyrir rekstraraðila vegna skoðunar á mengun í vatnshlot samhliða starfsleyfisumsókninni hefur verið uppfært samhliða athugasemdum sem Umhverfisstofnun lagði fram fyrr á árinu. Kemur fram í niðurstöðum áhættumatsins að vísbendingar séu um að áhrif vegna starfsemi urðunarstaðar á vatnshlot séu óveruleg.

Greinagerð frá rekstraraðila barst 30. apríl og var Umhverfisskýrslu (grænt bókhald) skilað þann 14. maí. Ekki er tilefni til athugasemda vegna skráninga á upplýsingum sem þar eru að finna. Hvað vöktun á grunnvatni varðar út frá mælingum sem gerðar voru aukalega árið 2023, kemur fram að gildi á ammóníum er undir viðmiðunarmörkum. Þarf að fylgjast grannt með hvort sú verði raunin við næstu mælingar.

Árið 2022 tók Sorpa á móti 154.284 t af úrgangi í Álfsnesi og af því var 67.563 t ráðstafað í urðun. Árið 2023 var það sem var urðað í Álfsnesi 98.357 t og það sem urðað hefur verið það sem af er árið 2024 (miðað við dagsetningu eftirlits) þá var magnið 30.240 t. Áætlað Sorpa að í lok árs verði hægt að gera ráð fyrir um 47.000 t sem fara í urðun. Heimild til urðunar vegna ársins 2024 er samt sem áður 38.000 t skv. bráðabigðaheimild. Nýtt eigendasamkomulag gerir ráð fyrir því að Sorpa vinni markvisst að því að ráðstafa úrgangsstraumum vegna lífræns úrgangs og brennanlegs úrgangs frá urðunarstað. Slíkur samdráttur í urðun minnkar þörf yfirlagsefnis verulega samkvæmt rekstraraðila.

Á árinu hefur verulegur fjöldi kvartana vegna lyktarmengunar borist Umhverfisstofnun í gegnum heimasíðu Mosfellsbæjar, sem sjálfkrafa áframsendir þær til Umhverfisstofnunar og til rekstraraðila og er samanlagður fjöldi þeirra nú á árinu um 32. Hefur stofnuninni einnig borist símtöl og tölvupóstur þess efnis, á þeim tíma þar sem lyktarmengunin var sem verst og ónáðaði íbúa sem mest. Umhverfisstofnun kallaði eftir viðbrögðum frá rekstraraðila. Áhrif vegna samdráttar í urðun og á breyttri samsetningu þess sem urðað er eru ekki komin fram til fullnaðar þar sem niðurbrot í eldri úrgangshaugum heldur áfram ásamt því að gassöfnun á sér stað. Gera má ráð fyrir að óhjákvæmilega geti ólykt fylgt þeirri starfsemi sem fram fer í Álfsnesi. Kom fram í eftirlitinu að nauðsynlegt sé að rekstraraðili vinni eftir fyrirbyggjandi verklagi sér í lagi ef vart verður við aukna óáængju vegna lyktarmengunar í nálægðum byggðum, veðurfar hefur mikil áhrif á dreifingu lyktarmengunar og sem og umhverfið sjálft.

Farið var í vettvangsferð á urðunarstað og er ekki tilefni til athugasemda vegna hennar.

#### Frávik frá

#### Lýsing á frávikum

gr. 1.2 og 4.2 í starfsleyfi:

Rekstraraðili hefur mótttekið til urðunar fastan og blandaðan úrgang úr sandföngum (þó ekki olíuskiljum). Flokkast sá úrgangur sem spilliefni sbr. rgl. nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs (k. 13 05). Eingöngu er heimilt að urða úrgang úr sandfangi frá skólphreinsistöðvum sem ekki er tilgreindur með öðrum hætti og flokkast ekki sem spilliefni sbr. sömu rgl. (k. 19 08 02).

#### ÁBENDINGAR

Ábending er lögð fram þar sem viðbrögð rekstraraðila við lyktarmengunaratburði sem átti sér stað nú á haustmánuðum teljast sein eftir að Umhverfisstofnun kallaði eftir frekari upplýsingum. Þörf er á að endurskoða áætlun varðandi ráðstafanir og viðbrögð verði vart við óeðlilega mikla lyktarmengun.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*  
Halla Margrét Viðarsdóttir